

# Skírnir

## Skrár heimilda og tilvísanir til þeirra í texta

Tilvísanakerfi *Skírnis* fylgir í meginráttum *The Chicago Manual of Style* (16. útg.), því kerfi sem þar nefnist „Author-Date References“. Það byggist á því að til heimilda er vísað inni í meginmáli texta með því að tilgreina höfund (eða titil verks ef ekki er um neinn höfund að ræða) svo og ártal útgáfu og blaðsíðutal ef verkast vill. Þessar upplýsingar vísa síðan til viðkomandi rits í heimildaskrá aftan við greinina. Dæmi:

Það er því fullmikil fljótferni að neita sér um að nota sögurnar sem heimildir. Um leið verður að nálgast þær með gát og reyna að ná fram hinni almennu mynd sem þær lýsa (Gísli Sigurðsson 2002: 251–261).

Ekki er hægt að taka jafn eindregið undir þær skoðanir sem Paul Schach (1978) hélt fram og eru til vitnis um hvernig ranghugmyndir um munnlega hefð geta leitt menn á villigötur ...

... dæmigerð eru viðhorf Sigurðar Nordals (1933: xxv) í formála útgáfunnar: „Og þar má segja, að til lítills sé að bollaleggja um sannindi frásögunnar, heldur verði hver að trúa eða efast eftir geðþótta sínum.“

Í þeim tilvikum þegar höfundur vill koma fleiri atriðum á framfæri með tilvísun í heimildir en ritverki og tilvitnunarstað, skal koma því fyrir í neðanmálgrein. Þá færast öll bókfræðitilvísunin niður sem annars hefði staðið í sviga innan meginmáls. Dæmi um það hvernig slíkt gæti litið út í neðanmálgreinum:

<sup>1</sup> Gunnar Helgi Kristinsson 1998: 221–222. Sbr. einnig orð hans í lok greinarinnar: „Sá hluti íslenska valdahópsins sem menntaður er erlendis hefur einkum leitað sér menntunar í þeim Evrópulöndum sem mestar efasemdir ríkja um samvinnuna – Bretlandi og Skandinavíu – eða í Norður-Ameríku“ (230).

<sup>2</sup> Sjá Ipsen 2003: 6–7; sjá einnig Thrane 1999: 59; Dollimore (1998: 114) hefur þó bent á fleiri hliðar þessa máls.

Ævinlega skal gera ráð fyrir ritaskrá aftan við grein, svo framarlega sem höfundur styðst við rit annarra manna eða vísar til slíkra. Hún er þá kölluð *Heimildir*. Sýnishorn:

### 1) Bækur

Í skrá heimilda aftan við greinina skal tilgreina útgefna bók þannig að fyrst komi nafn höfundar/ritstjóra. Fornöfn erlendra höfunda eru ýmist táknuð með upphafsstöfum eða rituð fullum stöfum (valkostur er um þetta en hvatt er til samræmis innan ritaskrár í sömu grein). Síðan kemur útgáfuár, þá heiti bókar í skáletri (með hástöfum ef um enska titla er að ræða), síðan þýðandi ef um ræðir. Loks útgáfustaður og útgáfufyrirtæki.

Sé bók án tilgreinds höfundar eða ef um er að ræða orðabók með tilgreindum ritstjóra, ræður titillinn skráningu, sbr. *Egils saga* og *Íslensk orðabók* hér að neðan. Þá er vísað til slíks í svigum inni í meginmáli greinar sem (*Egils saga Skalla-Grímssonar* 1933: 94) eða (*Íslensk orðabók* 2002: 233).

#### Dæmi um útgefna bækur í heimildaskrá:

Andersson, T.M. og W.I. Miller. 1989. *Law and Literature in Medieval Iceland: Ljósveitinga saga and Valla-Ljóts saga*. Stanford: Stanford University Press.

- Angvik, M. og V.O. Nielsen, ritstj. 1999. *Ungdom og historie i Norden*. Bergen-Sandviken: Fagbokforlaget.
- Egils saga Skalla-Grímssonar*. 1933. Ritstj. Sigurður Nordal. Íslensk fornrit II. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Franey, Laura E. 2003. *Victorian Travel Writing and Imperial Violence: British Writing on Africa, 1855–1902*. New York: Palgrave Macmillan.
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in Historical Phonology: Icelandic and Related Cases*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Ólafía Einarsdóttir. 1964. *Studier i kronologisk metode i tidlig islandsk historiebeskrivning*. Bibliotheca Historica Lundensis XIII. Stockholm: Natur och kultur.
- Schafer, R.M. 1993. *The Soundscape: Our Sonic Environment and the Tuning of the World*. Rochester, VT: Inner Traditions/Bear.
- Snorri Sturluson. 1982. *Edda: Prologue and Gylfaginning*. Ritstj. Anthony Faulkes. London: Viking Society for Northern Research.
- Sófókles. 1975. *Antigóna*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Reykjavík: Heimskringla.

Með óútgefnar náms- og rannsóknarritgerðir er farið eins og útgefnar bækur, fyrst er höfundur tilgreindur svo og ártal og titill ritgerðanna er skáletraður. Loks skal nefna hvaða menntagráðu verkið tilheyrir og háskólann sem veitir gráðuna.

Ari Páll Kristinsson. 2008. „Í fréttum er þetta helst“: *Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls*. Ritgerð til doktorsprófs í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík, íslensku- og menningardeild.

Sjá nánar um þetta síðar þar sem fjallað er um efni af Internetinu.

## 2) Greinar í tímaritum og dagblöðum

Í skrá heimilda aftan við greinina skal tilgreina greinar í *tímaritum* þannig að fyrst komi höfundur, síðan útgáfuár, því næst heiti greinar í beinu letri innan gæsalappa (í hástöfum ef um enskan titil er að ræða), þá heiti blaðs eða tímarits skáletrað, þar næst árgangur og síðan tölublað í sviga. Loks blaðsíðutal greinar í viðkomandi tímariti aftan við tvípunkt.

Sé um *dagblöð* að ræða skal einungis nefna útgáfudag en sleppa árg., tbl. og blaðsíðutali.

### Dæmi um greinar í blöðum og tímaritum í heimildaskrá:

- Auður Styrkárstöttir. 2012. „„Mér fannst eg finna sjálfa mig undireins og eg var laus við landann“: Kvennabaráttan á Íslandi og alþjóðlegt samstarf.“ *Saga* 50 (1): 35–77.
- Ásgeir Tómasson. 1980. „Hápunkturinn á ári Utangarðsmanna.“ *Dagblaðið*, 28. nóvember.
- Dagný Kristjánsdóttir. 2015. „Mánasteinn í grimmdarleikhúsi spænsku veikinnar.“ *Skírnir* 189 (2): 474–490.
- „Flóttamaðurinn.“ 1912. *Heimilisblaðið* 1 (4): 29–31.
- Friðrika Benonýsdóttir. 2013. „Ekki fengið neitt bréf um að hætta að ögra.“ [Viðtal við Sjón]. *Fréttablaðið*, 19. október.
- Gunnar Karlsson. 1997. „Reader-relativism in History.“ *Rethinking History* 1 (2): 151–163.
- Hare, S. 1996. „The Paradox of Moral Humility.“ *American Philosophical Quarterly* 33 (2): 235–240.
- Ipsen, Max. 2003. „Teksten og bogsiden.“ *Passage* 48: 5–12.
- Kant, Immanuel. 1993. „Svar við spurningunni, hvað er upplýsing?“ Þýð. Anna Þorsteinsdóttir og Elna Katrín Jónsdóttir. *Skírnir* 167: 379–386.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. 1993. „Kvennabók.“ *Pressan*, 25. nóvember.
- Paivio, A. og J.M. Clark. 1986. „The Role of Topic and Vehicle Imagery in Metaphor Comprehension.“ *Communication & Cognition* 19: 367–388.
- „S-hópurinn skiptist í tvær blokkir.“ 2004. *Morgunblaðið*, 5. febrúar.

**Vakin er sérstök athygli á því atriði í þessu dæmasafni að ef enginn tilgreindur höfundur er að grein í blaði/tímariti skal skrá heimildina þannig:**

„Flóttamaðurinn.“ 1912. *Heimilisblaðið* 1 (4): 29–31.

„S-hópurinn skiptist í tvær blokkir.“ 2004. *Morgunblaðið*, 5. febrúar.

Inni í meginmáli er lagt til að titillinn sé stytur ef hann er í lengra lagi. Dæmi: ... en eins og fram kom í fjölmiðlum („S-hópurinn skiptist ...“ 2004) þá ríkti nokkur ágreiningur um þetta mál.

Einnig kjósa ýmsir höfundar að tilgreina vefslóð við greinar í dagblöðum, **útgefnum á prenti**, lesendum til glöggvunar. Hér er **ekki hvatt** til þess en höfundar eiga hér val, einkum ef þeir telja efnið vandfundið á prenti. Sem dæmi má taka:

„Sjónvarpið sem hlustar ekki áhyggjuefni á Íslandi.“ 2015. *Morgunblaðið*, 9. febrúar. Sótt 17. febrúar 2015 á [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/02/09/sjonvarpid\\_sem\\_hlustar\\_ekki\\_ahyggjuefni/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/02/09/sjonvarpid_sem_hlustar_ekki_ahyggjuefni/).

Inni í svigum í meginmáli væri þetta þá styttr sem („Sjónvarpið sem hlustar ...“ 2015).

**Oft þykir gott að tilgreina birtingardag greinar ef um aðra miðla en dagblöð eða tímarit er að ræða en þó skylda, t.d. tilkynningasöfn stjórnvalda. Það má gera á þennan hátt:**

Board of Governors of the Federal Reserve System. 1993, 26. mars. *Risks of Concentration of Credit and Nontraditional Activities*, Washington: Board of Governors.

### 3) Greinar og annað efni í safnritum

Í skrá heimilda skal tilgreina greinar í *safnritum* þannig að fyrst komi höfundur, síðan útgáfuár, svo heiti greinar á beinu letri innan gæsalaþpa, þá heiti safnrits skáletrað. Síðan nöfn ritstjóra ef tiltæk eru og þar fyrir aftan blaðsíðurnar sem greinin spannar í safnritinu. Loks útgáfustaður og útgáfufyrirtæki. *Ath. að hér gilda ögn aðrar reglur en um greinar í dagblöðum og tímaritum.*

#### **Dæmi um greinar eða ljóðmæli í safnritum í skrá heimilda, svo og formála/eftirmála að útgáfum**

Berkhofer, R. 1997. „The Challenge of Poetics to (Normal) Historical Practice.“ *The Postmodern History Reader*. Ritstj. K. Jenkins, 139–155. London: Routledge.

Erna Sverrisdóttir. 2000. „Inngangur.“ *Orð af eldi: Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 4. Ritstj. Erna Sverrisdóttir, 13–53. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Foucault, M. 1991. „Skipan orðræðunnar.“ *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 191–226. Þýð. Gunnar Harðarson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

Gunnar Helgi Kristinsson. 1998. „Íslenskir valdamenn og Evrópa á tuttugustu öld.“ *Íslenska sögubingid 28.–31. maí 1997 – Ráðstefnurit I*. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 217–230. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands.

Jónas Hallgrímsson. 1989. „Fjallið Skjaldbreiður (Ferðavísur frá sumrinu 1841).“ *Jónas Hallgrímsson: Ljóð og lausamál*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson, 129–132. Reykjavík: Svart á hvítu.

Margrét Bjarnadóttir og Guðmundur Axel Hansen. 2010. „Rannsókn á krosseignatengslum og útlánum bankanna til tengdra aðila.“ Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og*

- orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. 9. bindi. Viðauki 2. Ritstj. Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 6–87. Reykjavík: Alþingi.
- Sigurður Nordal. 1933. „Formáli.“ *Egils saga*, iv–cv. Íslensk fornrit II. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Þórunna Tómasdóttir Gröndal. 2000. „Undir sama þaki.“ *Bréfaástir: Bréfaskipti Ólafar á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar*. Ritstj. Þórunna Tómasdóttir Gröndal, 9–35. Reykjavík: Stormur.

#### 4) Útgefin verk en höfundur ekki þekktur

Um útgefin rit frá fyrri öldum, sem ekki eiga sér þekktan höfund (ellegar marga í safnríti), kann að vera álitamál hvað sé skýrast og gleggst þegar kemur að tilvísunum í því kerfi sem hér er lýst. Hér er lagt til að heiti verksins ráði för (eða skráningarnr. handrits) og komi fremst í færslu heimilda og síðan í tilvísunum inni í grein. Dæmi:

- Den Norsk-Islandske Skjaldediktning*, IB. 1912–1915. Ritstj. Finnur Jónsson. København: Rosenkilde og Bagger.
- Egils saga*. 1987. Íslendinga sögur og þættir I. Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson, 368–518. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Egils saga Skalla-Grímssonar*. 1933. Íslensk fornrit II. Ritstj. Sigurður Nordal. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Eddukvæði*. 1998. Gísli Sigurðsson gaf út. Reykjavík: Mál og menning.
- Íslendingabók, Landnámabók*. 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Íslensk fornrit I. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Þiðranda þáttur og Þórhalls*. 1987. Íslendinga sögur og þættir III. Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson, 2253–2255. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Víglundar saga*. 1959. Íslensk fornrit XIV. Jóhannes Halldórsson gaf út, 61–116. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Lagt er til að til slíkra verka sé vísað í svigum inni í meginmáli greinar sem t.d. (*Egils saga* 1987: 55) eða (*Eddukvæði* 1998).

Í þremur dæmum má sjá gefið til kynna með blaðsíðutali aftan við við nöfn ritstjóra/útgefanda, að sagan sé ein af mörgum í bókinni

#### 5) Efni af veraldarvefnum

Með efni sem sótt er á Internetið er farið eins og um útgefna heimild sé að ræða. Höfundar eiga val um hvort þeir tilgreina dagsetningu, þ.e. hvaða dag efnið var sótt á Internetið, en ef hún er nefnd fer betur á því að samræmis sé gætt innan sömu heimildaskrár. Ef ekki fylgir útgáfuár efninu skal auðkenna það sem: e.d. (þ.e. engin dagsetning) í stað ártals.

- Ari Páll Kristinsson. 2008. „Í fréttum er þetta helst“: *Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls*. Ritgerð til doktorsprófs í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, íslensku- og menningardeild, Reykjavík. Sótt á <https://skemman.is/handle/1946/7732>
- „Félagafjöldi“. e.d. *Ásatrúarfélagið*. Sótt 24. febrúar 2017 á <https://asatru.is/felagafjoldi>
- Njörður Sigurjónsson. 2010. *Variations on the Act of Listening: Twenty-One Orchestra Audience Development Events in Light of John Dewey's Art as Experience Metaphor*. Ritgerð til doktorsprófs, City University, London. Sótt 2. janúar 2014 á <https://skemman.is/handle/1946/4414>
- Page, Nanette og Cheryl E. Czuba. 1999. „Empowerment: What Is It?“ *Journal of Extension* 37 (5). Sótt á <http://www.joe.org/joe/1999october/comm1.html>

Vakin skal athygli á því að hér skal nota orðalagið „sótt á“ en ekki „sótt af“ eins og nú má sjá víða í hinum ýmsu textum.

Þegar vísað er til útgefins efnis, dagblaða eða tímarita, sem er auðfundið á *timarit.is* eru höfundar hvattir til að láta vefslóðar ekki getið. Litið er svo á að þar sé um óþarfa vísun að ræða í augljósu tilviki. Öðru máli gegnir um útgefið efni á öðrum vefsíðum, innlendum og erlendum sem kann að vera flóknara að nálgast.

## 6) Munnlegar heimildir.

Hér er lagt til að þær séu tilgreindar í heimildaskrá undir sérstökum lið.

Eyjólfur Angantýsson. 2019. Munnleg heimild 22. ágúst.

Síðan inni í texta: ..... hafði þetta að segja (Eyjólfur Angantýsson 2019).

\* \* \*

## Eitt og annað smálegt

**Aðgreiningar með bókstöfum:** Ef sama manneskja er höfundur tveggja eða fleiri ritverka frá sama ári, og vísað er til þeirra í sömu tímaritsgrein, eru þær aðgreindar með bókstöfum við ártal. Dæmi: Ipsen 2003a; Ipsen 2003b.

**Upptalning höfunda:** Ef stytta á upptalningu höfunda/ritstjóra inni í texta skal ekki nota skammstöfunina *et al.* heldur: o.fl.

**Talnaband:** Á milli tveggja talna skal **ævinlega** setja band sem er það sama og stysta þankastrik: – Þetta band er hægt að framkalla í Word með Alt0150. Dæmi: 234–255. Ekki: 234-255.

**Úrfellingar:** Ef felld eru stöku orð úr tilvitnun í meginmáli er lagt til að þrír punktar séu látnir nægja ... en hins vegar [...] ef felld er burt heil málsgrein eða lengri kafli. Hornklofa má framkalla í Word með Alt91 = [ og Alt93 = ]

**Tilvitnanamerki, tvöföld og einföld.** Fátt vekur hér spurningar nema sú tilhneiging sumra höfunda að hafa einfaldar gæsalappir að hætti enskra. Höfundar eru eindregið hvattir til að setja þær að íslenskum hætti nema orðið/orðasambandi sem auðkennt er sé á ensku. Sem dæmi um skynsama beitingu þess arna segir t.d. í einni Skýrnisgrein:

„Hér eins og víðar í fræðunum er hugtakið ‚(bókmennta)grein‘ notað um *genre*, en ‚háttur‘ um *mode*. Á ensku er talað um ‚mixed modality‘ þegar hættir blandast.“

**Undirflokkar heimildaskrár:** Stundum telja höfundar æskilegt að skipa heimildaskrá í undirflokkum, einkum ef heimildirnar eru óvenju umfangsmiklar. Hér er hvatt til þess að slíkum flokkunum sé **stillt mjög í hóf** og ekki gerður greinarmunur á bókum, ritgerðum/greinum og efni af vefsíðum í því sambandi. Þó skulu hér nefnd dæmi um mögulega undirflokka í umfangsmikilli heimildaskrá:

Frumheimildir (og síðan) Bækur og fræðigreinar

Handrit (og síðan) Útgefin rit

Munnlegar heimildir